

Öryggisfjarskipti ehf.
Ársreikningur
2019

Öryggisfjarskipti ehf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 641106-1430

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið var stofnað 20. október 2006 og megin tilgangur þess er að veita öryggisfjarskiptaþjónustu. Félagið rekur Tetra kerfi sem er stafrænt talstöðvarkerfi með símamöguleika sem er sérsniðið að þörfum viðbragsaðila þar sem hraði og öryggi skiptir máli.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 63 millj. kr. á árinu 2019. Eigið fé nam 865 millj. kr. í árslok 2019 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtoldu hlutafé að fjárhæð 660 millj. kr.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2020, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Í upphafi og lok árs voru hluthafar tveir og greinast hlutir þeirra þannig:


Ríkissjóður	495.000.000
Neyðarlínan ohf.	165.000.000
	<u>660.000.000</u>

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararángri og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Öryggisfjarskipta ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Öryggisfjarskipta ehf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Öryggisfjarskipta ehf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð féluginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbryggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggjar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 26. febrúar 2020.

Advant endurskoðun ehf.

Hinrik Gunnarsson

Hinrik Gunnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Leigutekjur		282.066.132	254.416.583
Aðrar tekjur		666.713	4.708.471
Hagnaður af sölu fastafjármuna		0	22.812.540
		<u>282.732.845</u>	<u>281.937.594</u>
Rekstrargjöld			
Viðhaldskostnaður		43.996.896	32.654.025
Fjarskiptaleyfi		779.214	1.266.347
Laun og launatengd gjöld	3	1.111.914	1.488.745
Annar rekstarkostnaður		15.918.827	13.522.963
Afskriftir	5	139.198.136	129.737.175
		<u>201.004.987</u>	<u>178.669.255</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld		81.727.858	103.268.339
Vaxtatekjur		3.379.542	6.332.185
Vaxtagjöld		(6.463.005)	(10.948.174)
		<u>(3.083.463)</u>	<u>(4.615.989)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		78.644.395	98.652.350
Tekjuskattur	4	(15.732.379)	(19.733.890)
Hagnaður ársins	8	62.912.016	78.918.460

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Rekstarfjármunir	5	918.850.274	903.131.879
Fastafjármunir		<u>918.850.274</u>	<u>903.131.879</u>
Krafa á Neyðarlínuna ohf.	11	35.124.115	17.379.102
Aðrar skammtímakröfur		<u>23.298.502</u>	<u>40.556.056</u>
Virðisaukaskattur, inneign		<u>7.871.773</u>	<u>3.467.041</u>
Handbært fé		<u>4.530.333</u>	<u>351.325</u>
Veltufjármunir		<u>70.824.723</u>	<u>61.753.524</u>
Eignir samtals		<u>989.674.997</u>	<u>964.885.403</u>
Eigið fé			
Hlutafé	7	660.000.000	660.000.000
Lögbundinn varasjóður		<u>20.923.896</u>	<u>14.632.694</u>
Óráðstafað eigið fé		<u>184.302.590</u>	<u>127.681.776</u>
Eigið fé	8	<u>865.226.486</u>	<u>802.314.470</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	9	36.153.185	57.452.224
Tekjuskattsskuldbinding	10	<u>46.186.784</u>	<u>49.592.497</u>
Langtímaskuldir samtals		<u>82.339.969</u>	<u>107.044.721</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		136.859	1.578.702
Næsta árs afborgun langtímaskulda	9	22.833.591	53.908.058
Tekjuskattur til greiðslu	12	19.138.092	0
Aðrar skammtímaskuldir		0	39.452
Skammtímaskuldir samtals		<u>42.108.542</u>	<u>55.526.212</u>
Skuldir samtals		<u>124.448.511</u>	<u>162.570.933</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>989.674.997</u>	<u>964.885.403</u>

Sjóðstremisyfirlit árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		62.912.016	78.918.460
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjármáli:			
Afskriftir	5	139.198.136	129.737.175
Tekjuskattsskuldbinding, breyting	4	(3.405.713)	19.733.890
Hagnaður af sölu fastafjármuna		0	(22.812.540)
Veltufé frá rekstri		198.704.439	205.576.985
Skammtímakröfur, breyting		12.852.822	(32.699.174)
Skammtímaskuldir, breyting		17.656.798	1.279.483
Handbært fé frá rekstri		229.214.059	174.157.294
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	5	(154.916.531)	(201.806.581)
Söluverð fasteignar		0	42.000.000
Fjárfestingarhreyfingar		(154.916.531)	(159.806.581)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(52.373.507)	(51.492.474)
Kröfur og skuldir við tengda aðila, breyting		(17.745.013)	36.475.538
Fjármögnunarhreyfingar		(70.118.520)	(15.016.936)
Breyting á handbæru fé		4.179.008	(666.223)
Handbært fé í ársbyrjun		351.325	1.017.548
Handbært fé í árslok		4.530.333	351.325

Skýringar

Reikningsskilaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar og fjármagnskostnaður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

b. Innlausn tekna

Leigutekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar til þeirra hefur verið unnið.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisnýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húsnaði	33 ár
VSS kerfi	8 ár
Tetra kerfi	10 - 12,5 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

d. Skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur voru óverulegar í árslok 2019 og því ekki tilefni til neinnar varúðarafskriftar af slíkum kröfum.

e. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

f. Tekjuskattur

Tekjuskattseign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðað við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en í ársreikningi.

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2019	2018
Laun	92.908	1.231.999
Launatengd gjöld	19.006	256.746
Aðkeypt skrifstofuþjónusta	1.000.000	0
Laun og launatengd gjöld samtals	1.111.914	1.488.745

Skyringar, frh.:

4. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2019	2018
Hagnaður fyrir skatta	78.644.395	98.652.350
Tekjuskattur samkvæmt		
gildandi skatthlutfalli	20,0% (15.728.879)	20,0% (19.730.470)
Annað	0,0% (3.500)	0,0% (3.420)
Virkur tekjuskattur	20,0% (15.732.379)	20,0% (19.733.890)

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Húsnaði	VSS kerfi	Tetra kerfi	Bifreið	Samtals
Stofnverð 1.1.2019	92.348.247	252.574.441	1.264.895.476	15.000.000	1.624.818.164
Viðbót á árinu	62.262.802	0	91.903.729	750.000	154.916.531
Stofnverð 31.12.2019	154.611.049	252.574.441	1.356.799.205	15.750.000	1.779.734.695
Afskrifað samtals 1.1.2019	3.162.382	185.898.915	530.874.988	1.750.000	721.686.285
Afskrifað á árinu	4.105.916	17.727.225	114.289.995	3.075.000	139.198.136
Afskrifað samtals 31.12.2019	7.268.298	203.626.140	645.164.983	4.825.000	860.884.421
Bókfært verð 1.1.2019	89.185.865	66.675.526	734.020.488	13.250.000	903.131.879
Bókfært verð 31.12.2019	147.342.751	48.948.301	711.634.222	10.925.000	918.850.274

6. Vátryggingaverð

Vátryggingarverð húsnæðis og kerfa var 996 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 919 millj. kr.

7. Hlutafé

Hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 660 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

8. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019	660.000.000	14.632.694	127.681.776	802.314.470
Fært í varasjóð		6.291.202	(6.291.202)	0
Hagnaður ársins			62.912.016	62.912.016
Eigið fé 31.12.2019	660.000.000	20.923.896	184.302.590	865.226.486

Skyringar, frh.:

9. Skuldir við lánastofnanir

Yfirlit um skuldir við lánastofnanir:	31.12.2019	31.12.2018
Skuldir við lánastofnanir, ISK verðtryggt vextir 4,20%	58.986.776	111.360.282
Næsta árs afborganir	(22.833.591)	(53.908.058)
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	<u>36.153.185</u>	<u>57.452.224</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019.....	0	53.908.058
Árið 2020.....	22.833.591	22.239.571
Árið 2021.....	22.833.591	22.239.571
Árið 2022.....	13.319.594	12.973.082
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	<u>58.986.776</u>	<u>111.360.282</u>

10. Skattskuldbinding

Skattskuldbinding félagsins greinist þannig:	2019	2018
Reiknuð skattskuldbinding í ársbyrjun	(49.592.497)	(29.858.607)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	3.405.713	(19.733.890)
Reiknuð skattskuldbinding í árslok	<u>(46.186.784)</u>	<u>(49.592.497)</u>

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir	(45.602.558)	(49.703.165)
Skammtímakröfur	(584.226)	0
Yfirfærانlegt skattalegt tap	0	110.668
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>(46.186.784)</u>	<u>(49.592.497)</u>

11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. Móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félagini, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Keypt þjónusta	Leigu- tekjur	Vaxta- tekjur	Krafa
Neyðarlínan ohf. 2019	1.000.000	282.066.132	2.701.761	35.124.115
Neyðarlínan ohf. 2018	0	254.416.583	6.146.044	17.379.102

12. Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu árið 2020 vegna rekstrarársins 2019, hefur verið reiknaður og færður í ársreikning félagsins.